

Fyrir hönd Húsverks ehf. óska ég eftir uppkaupum á húsnæði fyrirtækisins við Norðurhóp 66. Um er að ræða 14 íbúða fjölbýlishús í byggingu. Norðurhóp 66 stendur einungis örfáa metra frá hrauninu sem rann inn í Grindavík í janúar 2024 og yfir þrjú hús við Efrahóp.

Eldgos síðustu mánaða hafa sýnt okkur að þar sem áður hefur gosið og runnið hraun getur gosið og runnið hraun að nýju. Á meðan þetta ástand varir, og það getur varað í mánuði, ár eða áratugi en enginn veit hvenær það mun enda, þá er ekki óhætt að búa í bænum.

Ég tel á samtölum við Grindvíkinga að það sé augljóst að alls ekki allir íbúar bæjarins muni skila sér til baka í baka. Margir hafa komið sér fyrir á nýjum stað og hyggjast vera þar áfram. Að þessum sökum má búast við að það verði umtalsvert færri fólk í bænum en var fyrir gosin.

Þessi þrjú atriði, þ.e. óvissan með hvenær þessu ástandi linnir, hraun sem rann nokkra metra frá byggingastaðnum og spá um fækkun íbúa þýðir að verkefnið er dauðadæmt enda enginn grundvöllur til að halda áfram með það.

Forsætisráðherra talar um að rekstur fyrirtækja sé áhættusöm starfsemi og það er alveg hárrétt en í ljósi aðstæðna þá eru þessi orð mjög ósanngjörn. Það er alveg sama hversu hart menn leggja að sér og hversu vel fyrirtækið er rekið að það er ekkert sem við eða flest önnur fyrirtæki í Grindavík hefðum getað gert til að koma í veg fyrir það sem gerðist og takmarkað tjón okkar. Málið er fordæmalaust og er tjón okkar altjón. Að baki hverju fyrirtæki eru eigendur sem hafa oftast lagt griðarlega mikla vinnu á sig til að láta fyrirtækið vaxa. Eigendur eiga líka fjölskyldur og oft er ævisparnaðurinn bundinn í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Engar tryggingar bæta tjón okkar, *Lög um kaup á íbúðarhúsnæði* taka heldur ekki á okkar málum né breytingar á frumvarp til laga, þ.e. *Breyting á ýmsum lögum um framhald á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ*. Staðan er þannig að við virðumst hvergi geta sótt stuðning og vaxtakostnaður hleðst upp.

Við viljum geta nýtt það fjármagn sem er bundið í byggingaverkefninu við Norðurhóp 66 í önnur byggingaverkefni annars staðar og óskum því eftir uppkaupum.

Við óskum eftir að Alþingismenn líti til þess að jafnræðisregla 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sé virt en semji ekki lög sem fer á móti anda hennar þar sem m.a. segir að óheimilt að sé að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða.

Fh. Húsverks ehf.
Arnar Þór Jónsson